



ÚTI ER ÆVINTÝRI – HAUSTDAGSKRÁ - UNGLINGASTIG

Miðstöð útivistar og útináms býður uppá skemmtilega og fræðandi dagskrá tileinkaðri skóla- og frístundastarfi í Reykjavík undir nafninu „Úti er ævintýri“. Haustdagskráin okkar í ár er tileinkuð unglिंगastigi og ber heitið, **NEYSLUVEISLAN**.

Neysluveislan er umhverfismiðaður og skemmtilegur snjall-rattleikur sem tekur fyrir málefni ábyrgrar neyslu og framleiðslu.



Efni dagskrárinnar er tileinkað umhverfismálum með sérstakan fókus á tólfta heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Verkefnið tekur á vistfræðilegum fótsporum helstu neysluflokka einstaklinga og veltir upp hvað við getum gert til að gera lífnaðarhætti okkar sem sjálfbærasta.

Markmið efnistaka

Markmið dagskrárinnar er að auka þekkingu og meðvitund okkar á eigin neysluvenjum og varpa ljósi á hvaða áhrif þær hafa á umhverfi okkar og jörð. Verkefni dagskrárinnar leggja enn fremur áherslu á að efla skilning á hugtakinu *sjálfbærni* og auka trú nemenda á eigin getu til jákvæðra breytinga í umhverfismálum.



Neysluveislan í hnotskurn

- **Tímabil:** 5. október til 11. nóvember 2021
- **Tímasetning:** þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga kl. 10H00-12H00
- **Staðsetning:** [Frístundamiðstöðin Gufunesbær](#)
- **Aldurstig:** Unglingastig (8.-10. bekkur)
- **Fjöldi:** einn bekkur (mest 30 börn) – **5 hópar**
- **Dagskrá:** Snjall-rattleikur unninn í spjaldtölvum ([Actionbound](#))
- **Efnistö:** Neysluveislan – Sjálfbærni-ábyrg neysla og framleiðsla
- **Tenging við Aðalnámsskrá grunnskóla:** Neysluveislan er beintengd inn í menntagildi og megingilgang náttúrugreina en kemur einnig inn á upplýsinga – og tæknimennt.
- **Sérstakar áherslur:** náttúru- og umhverfisvitund, sjálfbærni, sjálfsefling.
- Bókanir á dagskrá má finna [HÉR](#)

ATH! Ekki er unnt að bjóða rútuferðir haustönn 2021 og verða skólar því að koma sér sjálfir á staðinn.

Verið hjartanlega velkomin í Úti er ævintýri og munið að mæta vel klædd til útiveru!

Bestu kveðjur frá Miðstöð útivistar og útináms í Gufunesbæ